

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/516**2021/EES/7/54****frá 19. mars 2019****um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE og reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 (reglugerð um vergar þjóðartekjur) (*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (1),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vergar þjóðartekjur á markaðsvirði eru grundvöllur útreiknings á stærsta hluta eigin tekna í fjárlögum Sambandsins. Því er nauðsynlegt að styrkja frekar samanburðarhæfi, áreiðanleika og nákvæmni þeirrar samtölu.
- 2) Heilleiki hagskýrslna, sem felst í að virða meginreglurnar um evrópska hagskýrslugerð, sem nefndin um evrópska hagskýrslugerð (ESSC) endurskoðaði og uppfærði 16. nóvember 2017, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 (2), er sérstaklega mikilvægur þegar hagskýrslur eru notaðar beint í þágu stjórnarsýslu og við stefnumótun á vettvangi Sambandsins og á landsvísu.
- 3) Þessi hagskýrslugögn eru einnig mikilvægt greiningartæki fyrir samræmingu innlendra efnahagsstefnu og fyrir fjölda málaflokka Sambandsins, svo og fyrir rannsóknarstarfsemi.
- 4) Í samræmi við 7. mgr. 2. gr. ákvörðunar ráðsins 2014/335/ESB, KBE (3), að því er varðar eigin tekjur, merkja vergar þjóðartekjur árlegar vergar þjóðartekjur á markaðsvirði samkvæmt aðferðafræðinni sem sett er fram í viðauka A við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 (4) sem kom á fót endurskoðaða evrópska þjóðhagsreikningakerfinu (ESA 2010). Ákvörðun ráðsins 2007/436/EB, KBE (5) var felld úr gildi í samræmi við 1. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2014/335/ESB, KBE, og með fyrirvara um 2. mgr. 10. gr. sömu ákvörðunar.
- 5) Mikilvægt er að gögn um vergar þjóðartekjur séu sambærileg í öllum aðildarríkjunum og að farið sé að viðeigandi skilgreiningum og reikningsskilareglum ESA 2010. Í því skyni skulu matsaðferðir og grunn gögn, sem notuð eru í raun, gera kleift að nota skilgreiningar og bókhaldsreglur ESA 2010 á réttan hátt.
- 6) Mikilvægt er að heimildirnar og aðferðirnar, sem notaðar eru til að taka saman gögn um vergar þjóðartekjur, séu áreiðanlegar. Í þessu felst að nota verður traustar aðferðir, eftir því sem kostur er, og byggja á áreiðanlegum, viðeigandi og uppfærðum grundvallarhagskýrslum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 234/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Afstaða Evrópuþingsins frá 31. janúar 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 18. febrúar 2019.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjttíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).

(3) Ákvörðun ráðsins 2014/335/ESB, KBE frá 26. maí 2014 um skipulag á eigin tekjum Evrópusambandsins (Stjttíð. ESB L 168, 7.6.2014, bls. 105).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu (Stjttíð. ESB L 174, 26.6.2013, bls. 1).

(5) Ákvörðun ráðsins 2007/436/EB, KBE frá 7. júní 2007 um skipulag á eigin tekjum Evrópubandalaganna (Stjttíð. ESB L 163, 23.6.2007, bls. 17).

- 7) Mikilvægt er að gögn um vergar þjóðartekjur séu tæmandi. Því ættu gögn þessi einnig að taka mið af óformlegri, óskráðri og annarri starfsemi og viðskiptum sem ekki eru tilgreind í hagskýrslukönnunum eða tilkynnt um til skattýfirvalda, félagsmálayfirvalda eða annarra yfirvalda. Með auknu umfangi vergra þjóðartekna er gengið út frá þróun viðeigandi hagskýrslugrunna og matsaðferða í því skyni að taka saman áreiðanlegar hagskýrslur og eftir atvikum til að gera nauðsynlegar breytingar og forðast eyður og tvítalningu.
- 8) Í reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 608/2014 ⁽⁶⁾ er kveðið á um eftirlit í aðildarríkjum til að sannreyna eigin tekjur. Í því skyni að sannreyna vergar þjóðartekjur ætti framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) að hafa rétt til að fara í upplýsingaheimsóknir til að sannreyna gæði samtalna vergra þjóðartekna og hluta þeirra og til að sannreyna reglufylgni við ESA 2010, ásamt því að tryggja að gögn um vergar þjóðartekjur séu samanburðarhæf, áreiðanleg og tæmandi. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti að virða reglur um trúnaðarkvaðið í hagskýrslum. Þátttaka fulltrúa landsbundinna hagskýrsluyfirvalda í upplýsingaheimsóknum í tengslum við vergar þjóðartekjur til annarra aðildarríkja er mikilvæg í því skyni að auka gagnsæi og gæði sannreyningarferlisins fyrir vergar þjóðartekjur.
- 9) Framselja ætti vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar skrá fyrir þætti sem fjallað er um í hverri sannreyningarlötu til að tryggja áreiðanleika, nákvæmni og hæsta mögulega samanburðarhæfi gagna um vergar þjóðartekjur í samræmi við ESA 2010. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ⁽⁷⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.
- 10) Til að tryggja samræmd skilyrði til framkvæmdar þessarar reglugerðar með því að afhenda samtölur um vergar þjóðartekjur vegna eigin tekna ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að koma á fót skipulagi og nákvæmu fyrirkomulagi á skráarhaldi um tekjur og aðferðir sem notaðar eru til að taka saman gögn um vergar þjóðartekjur og hluta þeirra í samræmi við viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 549/2013 og einnig tímaáætlun fyrir uppfærslu og sendingu þeirra og sértækar ráðstafanir sem miða að því að bæta sambærileika, áreiðanleika og nákvæmni gagna aðildarríkja um vergar þjóðartekjur sem byggðar eru á skrá um atriði sem framkvæmdastjórnin skilgreinir. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽⁸⁾.
- 11) Nefnd um evrópska hagskýrslukerfið, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009 hefur, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, verið beðin um að láta í té faglega leiðsögn.
- 12) Nefndin um vergar þjóðartekjur, sem um getur í 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 ⁽⁹⁾, hefur gefið framkvæmdastjórninni álit, veitt henni ráðgjöf og aðstoðað hana við að beita framkvæmdarvaldi sínu. Samkvæmt áætlun um nýtt skipulag evrópska hagskýrslukerfisins til að bæta samræmingu og samstarf í gegnsærri pýramíðauppbyggingu innan kerfisins, ætti nefndin um evrópska hagskýrslukerfið að vera í ráðgjafahlutverki og aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdarvaldi sínu. Þar af leiðandi ætti nefndin um evrópska hagskýrslukerfið að koma í stað nefndar um vergar þjóðartekjur til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdarvaldi sínu samkvæmt þessari reglugerð. Engu að síður, að því er varðar aðra starfsemi sem nefndin um vergar þjóðartekjur stundaði áður samkvæmt reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003 og tengdist ekki aðstoð við að beita framkvæmdarvaldi framkvæmdastjórnarinnar, ætti framkvæmdastjórnin að koma á fót formlegum sérfræðingahópi til að veita henni slíka aðstoð.
- 13) Með tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE ⁽¹⁰⁾ og reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003 var komið á fót málsmeðferð til að sannreyna og meta sambærileika, áreiðanleika og nákvæmni gagna um verga þjóðarframleiðslu (VÞF) og gagna um vergar þjóðartekjur (VÞT) í nefnd um verga þjóðarframleiðslu og nefnd um vergar þjóðartekjur þar sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin starfa náið saman. Aðlaga ætti þá málsmeðferð þannig að tillit sé tekið til notkunar gagna um vergar þjóðartekjur samkvæmt ESA 2010 að því er varðar eigin tekjur, endurskoðaða tímaáætlun til að gera eigin tekjur

⁽⁶⁾ Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 608/2014 frá 26. maí 2014 um framkvæmdarráðstafanir um tekjuöflunarkerfi Sambandsins (Stjtið. ESB L 168, 7.6.2014, bls. 29).

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽⁹⁾ Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 frá 15. júlí 2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur) (Stjtið. ESB L 181, 19.7.2003, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE frá 13. febrúar 1989 um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði (Stjtið. EB L 49, 21.2.1989, bls. 26).

aðgengilegar og nýlega þróun innan evrópska hagskýrslukerfisins. Því ætti að fella úr gildi tilskipun 89/130/EBE, KBE og reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

SKILGREINING OG ÚTREIKNINGUR Á VERGUM ÞJÓÐARTEKJUM Á MARKAÐSVIRÐI

1. gr.

1. Skilgreina skal vergar þjóðartekjur á markaðsvirði og verga landsframleiðslu á markaðsvirði í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið (ESA 2010) sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 549/2013.
2. Verg landsframleiðsla stendur fyrir lokaniðurstöðu úr framleiðslustarfsemi innlendra framleiðslueininga í samræmi við lið 8.89 í viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 549/2013. Hana má skilgreina á þrjá vegu:
 - a) útreikningur á framleiðslu: Verg landsframleiðsla er samtala vergs vinnsluvirðis ýmissa haggeira eða atvinnugreina að viðbættum sköttum og að fráðregnum vörutengdum styrkjum (sem ekki eru veittir til geira eða atvinnugreina). Hún er einnig stöðuliðurinn í framleiðslureikningi þjóðarbúskaparins í heild.
 - b) útreikningur á útgjöldum: Verg landsframleiðsla er samtala endanlegra nota innlendra stofnanaeininga á vöru og þjónustu (lokaneysla og verg fjárfesting) að viðbættum útflutningi og að fráðregnum innflutningi á vörum og þjónustu.
 - c) útreikningur á tekjum: Verg landsframleiðsla er samtala notkunar reiknings yfir ráðstöfun vinnsluvirðis þjóðarbúskaparins í heild (laun og launatengd gjöld, skattar á framleiðslu og innflutning að fráðregnum styrkjum, vergum rekstrarafgangi og einyrkjatekjum þjóðarbúskaparins í heild).
3. Í samræmi við lið 8.94 í viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 549/2013 merkja vergar þjóðartekjur heildarfrumtekjur sem innlendar stofnanaeiningar fá: laun og launatengd gjöld, skatta á framleiðslu og innflutning að fráðregnum styrkjum, eignartekjur (fengnar að fráðregnum greiddum), vergan rekstrarafgang og vergar einyrkjatekjur. Vergar þjóðartekjur jafngilda vergri landsframleiðslu að fráðregnum frumtekjum sem innlendum stofnanaeiningum ber að greiða erlendum stofnanaeiningum að viðbættum frumtekjum sem innlendar stofnanaeiningar fá erlendis frá.

II. KAFLI

SENDING GAGNA YFIR VERGAR ÞJÓÐARTEKJUR OG FREKARI UPPLÝSINGA

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu reikna vergar þjóðartekjur eins og þær eru skilgreindar í 1. gr. í tengslum við samantekt þjóðhagsreikninga.
2. Aðildarríki skulu eigi síðar en 1. október ár hvert afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins), í tengslum við gerð þjóðhagsreikninga sinna, tölur yfir samtölu vergra þjóðartekna og hluta hennar í samræmi við skilgreiningarnar sem um getur í 1. gr. Setja skal fram niðurstöðutölur vergrar landsframleiðslu og hluta hennar í samræmi við aðferðirnar þrjár sem um getur í 2. mgr. 1. gr. Senda skal gögn yfir fyrra ár og um leið skal senda allar breytingar sem gerðar voru á gögnum fyrri ára.
3. Með sendingu gagna, sem um getur í 2. mgr., skal fylgja skýrsla um gæði gagna um vergar þjóðartekjur. Í þeirri skýrslu skal greina ítarlega frá aðferðafræðinni sem notuð er til að taka saman gögnin og einkum lýsa verulegum breytingum á heimildum og aðferðum sem notaðar eru og útskýra endurskoðanir sem gerðar voru á samtöllum vergra þjóðartekna og hluta þeirra í samanburði við fyrri tímabil.

3. gr.

1. Aðildarríki skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skrá yfir heimildir og aðferðir sem notaðar eru til að taka saman samtölur vergra þjóðartekna og hluta þeirra í samræmi við ESA 2010.
2. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á fót skipulagi og ítarlegum ráðstöfunum er varða skrána sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 549/2013 og einnig tímaáætlun fyrir uppfærslu hennar og afhendingu. Þegar framkvæmdastjórnin beitir valdi sínu skal tryggja að slíkar framkvæmdargerðir leggi ekki á verulegan viðbótarkostnað sem leiði til óhóflegra og óréttmætra byrða á aðildarríkin. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar. Skráin skal vera í samræmi við ESA 2010 og ber að forðast tvítalningu og yfirálag.

3. Til að greiða fyrir sambærilegum greiningum á reglufylgni skal framkvæmdastjórnin setja saman skrárleiðbeiningar í nánu samstarfi við sérfræðingahópinn sem um getur í 4. gr.

III. KAFLI

ADFERÐIR VIÐ ÚTREIKNINGA Á VERGUM ÞJÓÐARTEKJUM OG EFTIRLIT MED ÞEIM

4. gr.

Framkvæmdastjórnin skal koma á fót formlegum sérfræðingahópi sem er settur saman af fulltrúum allra aðildarríkjanna og undir forystu fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar til að veita framkvæmdastjórninni ráð og til að láta í ljós skoðanir sínar varðandi samanburðarhæfi, áreiðanleika og nákvæmni útreikninga á vergum þjóðartekjum, til að rannsaka mál sem varða framkvæmd þessarar reglugerðar og til að gefa út árlegt álit á því hvort gögnin, sem aðildarríkin afhenda um vergar þjóðartekjur vegna eigin tekna, séu viðeigandi.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal sannreyna heimildirnar, notkun þeirra og aðferðir við skráninguna sem um getur í 1. mgr. 3. gr. Þar skal nota sannreyningarlíkan sem framkvæmdastjórnin hefur mótað í nánu samstarfi við sérfræðingahópinn sem um getur í 4. gr. Líkanið skal vera byggt á meginreglum jafningjarýni og kostnaðarhagkvæmni og skal taka tillit til framseldra gerða sem um getur í öðrum undirlit 2. mgr. þessarar greinar.

2. Vergar þjóðartekjur skulu vera áreiðanlegar, nákvæmar og sambærilegar.

Framkvæmdastjórnin skal samþykka framseldar gerðir í samræmi við 7. gr. til að bæta við ákvæðið sem mælt er fyrir um í fyrsta undirlit þessarar málsgreinar með því að skilgreina skrá yfir atriði sem á að fjalla um í hverri sannreyningarlotu til að tryggja áreiðanleika, nákvæmni og hæsta mögulega stig sambærileika gagna um vergar þjóðartekjur í samræmi við ESA 2010.

3. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á fót sértækum ráðstöfunum til að gera gögn um vergar þjóðartekjur sambærilegri, áreiðanlegri og nákvæmari, á grundvelli skrár yfir málefni sem framkvæmdastjórnin hefur skilgreint í framseldum gerðum sem um getur í öðrum undirlit 2. mgr. þessarar greinar. Slíkar framkvæmdargerðir skulu vera tilhlýðilega rökstuddar og í samræmi við ESA 2010. Samþykka skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

6. gr.

1. Án þess að hafa áhrif á eftirlitið, sem kveðið er á um í 2. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 608/2014, getur framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) farið í upplýsingaheimsóknir til aðildarríkjanna í tengslum við vergar þjóðartekjur, þegar það á við.

2. Tilgangur upplýsingaheimsóknanna, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal vera að sannreyna gæði samtalna vergra þjóðartekna og hluta þeirra og að sannreyna reglufylgni við ESA 2010. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, þegar hún neytir réttar síns til að framkvæma slíkar upplýsingaheimsóknir, virða reglur um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum sem mælt er fyrir um í V. kafla reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

3. Við framkvæmd slíkra upplýsingaheimsókna í aðildarríkjum er framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) heimilt að fara fram á aðstoð sérfræðinga á sviði þjóðhagsreikninga sem starfa fyrir innlend hagskýrsluyfivöld í öðrum aðildarríkjum og hún er hvött til að gera það.

Sérfræðingar á sviði þjóðhagsreikninga skulu vera færðir í skrá sem stofnað var til á grundvelli valfrjálsra tillagna sem innlend yfivöld, sem bera ábyrgð á að taka saman þjóðhagsskýrslur, senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins). Þátttaka sérfræðinga á sviði þjóðhagsreikninga frá öðrum aðildarríkjum í þessum upplýsingaheimsóknum er valfrjál.

7. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykka framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykka framseldar gerðir, sem um getur í öðrum undirlit 2. mgr. 5. gr., í fimm ár frá 18. apríl 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlöng tímabil, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. 5. gr. Með ákvörðun um afturköllun er bundinn endi á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. öðrum undirlið 2. mgr. 5. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

8. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

9. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 1. janúar 2023, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar.

10. gr.

Tilskipun 89/130/EBE, KBE og reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003 eru felldar úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu gerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skal lesa þær með hliðsjón af samsvörunar-töflunum í viðauka.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti

VIÐAUKI

Samsvörunartöflur

Tilskipun 89/130/EBE, KBE	Þessi reglugerð
1. gr.	1. og 3. mgr. 1. gr.
2. gr.	2. mgr. 1. gr.
3. gr.	1. og 2. mgr. 2. gr.
—	4. gr.
4. gr.	3. gr.
5. gr.	3. mgr. 2. gr.
—	5. gr.
—	6. gr.
—	7. gr.
6. gr.	8. gr.
7. gr.	—
8. gr.	—
9. gr.	—
10. gr.	9. gr.
—	10. gr.
11. gr.	—
—	11. gr.

Reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
—	4. gr.
4. gr.	8. gr.
1. mgr. 5. gr.	5. gr.
2. mgr. 5. gr.	—
3. mgr. 5. gr.	—
6. gr.	6. gr.
—	7. gr.
7. gr.	9. gr.
—	10. gr.
8. gr.	11. gr.